

29. apríl 2005


Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. um fjármálafyrirtæki (55. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 28. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

SBV telja almennt ástæðu til að fara varlega í að takmarka meðferð eignarhluta í viðskiptum. Hafa ber í huga skuldbindingar íslenska ríkisins um frjálsa fjármagnsflutninga sem staðfestar voru með gildistöku EES-samningsins fyrir rúmum áratug. Samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs verður best tryggð með því að reisa ekki séríslenskar skorður við frjálsu flæði fjármagns jafnt innanlands sem milli landa.

Virðingarfyllt,



Guðjón Rúnarsson,  
framkvæmdastjóri